

ÞRÓUNARVERKEFNI

Mál og læsi



Heilsuleikskólinn Fífusalir
Kópavogsbæ

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heilsuleikskólinn Fífusalir	3
Heilsustefnan	4
Heilsubók barnsins	4
Þátttökuaðlögun	4
Málproski barna	5
Orðaforði og mikilvægi hans	5
Tvítýngi	6
Málproskaraskanir	6
Áhrif málproska á þroska barna	6
Læsisstefna Kópavogsbæjar	7
Hlutverk kennara	7
Hljóðkerfisvitund	8
Snemmtæk íhlutun	8
Hlutverk sérkennslustjóra	8
Foreldrasamstarf	9
Reglubundnar skimanir, athuganir og próf	9
EFI-2	10
HLÍÓM-2	10
Viðbrögð við frávikum	11
Stoðþjónusta	11
Matstæki	13
Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn	13
Orðaskil	13
Gátlisti fyrir málproska	13
ICS	14
Staða og framfarir 3-5 ára barna	14
Mat á hegðunarvanda	14
SDQ spurningar um styrk og vanda	14
Gátlisti um kvíðaeinkenni	14
Einstaklingsmiðuð þjálfun	15
Teymisvinna	15
Einstaklingsnámskrá	15
AEPS	16
Atferlisíhlutun	16

Skipulögð kennsla	16
Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	17
Sértæk málörvun í Fífusölum	18
Markviss málörvun	19
Markviss málörvun undirbúningur vegna HLÓM-2	21
Flokkun á bókasafni og spilasafni	22
Bókasafn	22
Spilasafn	22
Listasmiðja	23
Leikvangur	23
Gerpla og sundferðir	23
Faglegt starf inn á deildum	24
Vettvangsferðir	24
Samverustundir/ Hópastarf	24
Samstarf milli leik og grunnskóla	24
Lokaorð	25
Heimildaskrá	26
Viðauki	28

Inngangur

Heilsuleikskólinn Fífusalir fékk tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefninu *Snemmtæk íhlutun – mál og læsi* í leikskólum Kópavogs árin 2018 – 2020 í samvinnu við Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðing, ásamt leikskólunum Grænatúni, Kópahvoli, Marbakka, Rjúpnahæð og Urðarhóli. Markmiðið með þátttökunni var að skapa þekkingu innan leikskólans, samræma verkferla og útbúa handbók. Markmið handbókarinnar er að starfsfólk leikskólans öðlist skilning og þekkingu á málörvun.

Markmið með þátttöku í þróunarverkefninu er að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og undirbúning fyrir lestrarnám. Unnið verður með heildtæka skólastefnu með það að markmiði að börnin komi vel undirbúin í fyrsta bekk í grunnskóla.

Markmiðið er einnig að flokka og skilgreina allt málörvunarefni leikskólans og útskýra skimanir, athuganir og próf sem notuð eru til að meta málþroska.

Undirmarkmið

1. Er gerð handbókar til að allt starfsfólk leikskólans öðlist skilning og þekkingu á málörvun.
2. Auka almenna þekkingu allra starfsmanna á námsefni leikskólans.
3. Kynna verkferla sérkennslu leikskólans.
4. Leggja áherslu á markvissa málörvun í öllu daglegu starfi.
5. Auka samstarf og þekkingu forráðamanna hvað varðar málörvun og læsi.

Heilsuleikskólinn Fífusalir

Leikskólinn Fífusalir var stofnaður 16. nóvember 2001. Þann 8. maí 2013 gekk leikskólinn til liðs við Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og varð heilsuleikskóli. Í Fífusölum er einnig starfað í samræmi við uppeldiskenningar fræðimannanna John Dewey og Berit Bae, en einkunnarorð leikskólans eru komin frá þeim.

VIRÐING - Lögð er áhersla á að börnin beri virðingu og taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

UPPGÖTVUN - Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

SAMVINNA - Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

Allt starf leikskólans felur í sér viðamiknið og samþætt nám, hvort sem það eru daglegar venjur, svo sem matartímar og klósettferðir, eða markvisst starf skipulagt af kennurum. Börn uppgötva og læra af öllu sem þau taka sér fyrir hendur í leik sem og daglegu starfi.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru námssvið leikskóla þessi:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Daglegt starf mótast af þessum námssviðum, en í hverri stund dagsins tvinnast saman mörg námssvið í heildstætt nám.

Á hverjum degi er lagt upp úr að börnin hafi góðan tíma fyrir frjálsan leik, bæði inni og úti. Öll börn fara í hverri viku í tíma í myndlist/sköpun og íþróttum. Í þessum tímum eru þau í litlum hópum undir faglegri handleiðslu kennara. Að auki fara börnin reglulega í vettvangsferðir um hverfið, en nærumhverfi leikskólans býður upp á ótal skemmtilegar gönguleiðir um öruggt göngustígakerfi.

Heilsustefnan

Heilsustefnan er íslensk en Unnur Stefánsdóttir leikskólakennari er höfundur hennar. Markmiðið er að stuðla að heilsuefingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Sjá nánar á www.heilsustefnan.is.

Heilsubók barnsins

Þegar barn hefur nám í heilsuleikskóla fær það bók, sem skráð er í margvíslegar upplýsingar um barnið. Þar má nefna heilsufar, hæð, þyngd, félagslega færni, úthald og almenna þekkingu á t.d. lítaheitum og formum. Skráð er í bókina tvisvar sinnum yfir skólaárið, í afmælistíð barnsins og sex mánuðum síðar. Þessar skráningar gera starfsfólki og forráðamönnum kleift að fylgjast náið með þroska framvindu barnsins.

Heilsubókin nýtist einnig sem tæki fyrir kennara til að sjá á hvað þarf að leggja meiri áherslu á í daglegu starfi leikskólans. Sjá nánar: <http://heilsustefnan.is/um/heilsubok-barnsins/>

Unnið er að gerð rafrænnar heilsubókar en það hefur tafist vegna nýrra persónuverndarlaga en áætlað að hún verði komin í notkun í september 2020.

Þátttökuaðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og forráðamenn þess. Mikilvægt er að góð samvinna takist á milli forráðamanna og starfsfólks leikskólans. Boðið er uppá þátttökuaðlögun en hún byggir á þeirri kenningu að börn og forráðamenn læri að vera í leikskólanum saman. Byggður er upp sameiginlegur grunnur, öryggi og traust milli forráðamanna, barna og starfsmanna leikskólans. Þátttökuaðlögun er

hugsuð þannig að forráðamenn smiti öryggiskennd og forvitni yfir til barnsins. Öruggir forráðamenn = örugg börn. Með því að forráðamenn barnanna séu þátttakendur í leikskólastarfinu frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulag deildarinnar og það sem á sér stað í leikskólanum. Einnig kynnast þeir kennurunum, öðrum börnum og forráðamönnum.

Málproski barna

Málproski og læsisþróun er flókið langtímaferli. Í máltökuferlinu tileinka börnin sér orðaforða tungumálsins, merkingu, framburð og beygingar. Börnin læra líka ákveðnar óskrifaðar reglur og hefðir um viðeigandi notkun málsins.

Málskilningur og máltjáning eru mikilvægir þættir í málþróun barns auk þess að vera undirstaða lesskilnings og ritunar (Helga Sigmundsdóttir, 2007).

Þróun hljóðkerfis er hluti af málþroskaferli barna. Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi viðkomandi tungumáls fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með málhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru mjög virk í þessu ferli, sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og börnin alhæfa síðan þessa þekkingu á málhljóðin yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning undir lestrarnám. Mikilvægt er að uppalendur og kennarar þekki þetta ferli og skilgreini undirliggjandi vandamál (Ásthildur Bj. Snorradóttir 2002:31).

Ungbörn mynda fyrstu sérhljóðin og samhljóða þegar þau byrja að hjala. Eftir það mynda þau atkvæði, yfirleitt af gerðinni samhljóð-sérhljóð, og endurtaka oft heilu runurnar af sama atkvæði ein og „bababa“. Við tíu mánaða aldurinn breytist hjalið þannig að börnin fara að mynda fleiri gerðir atkvæða eins og sérhljóð-samhljóð og samhljóð-sérhljóð-samhljóð, og atkvæðarunurnar breytast einnig að því leyti að það er ekki alltaf sama sérhljóð og samhljóðið sem er notað í hverri runu, eins og „am, mam, babi“.

Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónadóttir (2000) segja að eðlileg þróun máls einkennist af því að gott samspil sé á milli þriggja þátta tungumálsins, merkingar, forms og notkunar. Merking segir til um merkingu orða, setninga og texta í heild. Skilningur á máli er því forsenda þess að lesandi nái merkingu úr texta þegar hann les.

Orðaforði og mikilvægi hans

Snow o.fl. (1998) greina orðaforðann í fjóra flokka: *orðaforða hlustunar* en hann þróast fyrst og er stærstur, *orðaforða talmáls*, *orðaforða lesturs* og *orðaforða ritunar* sem þróast síðast.

Á máltökuskeiðinu er lagður grunnur að málþroska sem er forsenda læsiþróunar. Börn öðlast undirstöðuþekkingu í uppbyggingu tungumálsins sem er grundvöllur þess að tileinka sér móðurmál sitt. Þau læra um röð orða og hvernig orðin fléttast í eina heild og mynda setningar, auk þess að beita samtengingum milli setninga og búa til málsgreinar. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2013) bendir á mikilvægi

Þess að börn á leikskólaaldri nái góðu valdi á því máli eða tungumálum sem töluð eru heima fyrir og í skóla þannig að þau séu fær um að tjá með orðum þarfir, hugsanir og langanir. Því ríkulegri sem orðaforði ungra barna sé þeim mun meiri líkur eru á því að lesskilningur verði góður.

Tvítýngi

Börn sem flytja til nýs lands og börn sem eiga foreldra af sitt hvoru þjóðerni og læra tungumál beggja foreldra eru tvítýngd (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007).

Almennt eru börn misfljót að læra og tileinka sér nýja hluti þ.m.t. tungumál og eru tvítýngd börn ekki undanskilin því. Ef grunnurinn í móðurmáli er góður virðast börn eiga auðveldara með að tileinka sér nýtt tungumál. Mikilvægt er að tvítýngd börn nái góðum tökum á móðurmáli sínu til að viðhalda tengslum við uppruna sinn og fjölskyldu. Einnig er mikilvægt að skapa skilyrði fyrir þessi börn til þess að læra tungumál landins sem að þau koma til með að búa í.

Þegar tvítýngt barn byrjar í Fífusölum byrjar það strax í markvissri málörvun. Leikskólinn fer eftir þörfum hvers og eins barns þegar settir eru saman hópar í málörvun. Stundum er búinn til hópur með fleiri en einu tvítýngdu barni, einnig höfum við leyft börnunum að velja hverjir eru með þeim í málörvun.

Málþroskaraskanir

Málþroskaraskanir hafa víðtæk áhrif á börn þ.m.t. á félagsþroska þeirra. Algengt er að börn með slakan málþroska nái ekki að fylgja félögum sínum í leik þar sem orðaforði þeirra er oft takmarkaður. Hluti af góðum málþroska er máltjáning. Börn sem glíma við erfiðleika í máltjáning lenda oft í því félagar þeirra skilja illa það sem þau segja sem getur haft áhrif á félagstengsl, hegðun og líðan.

Börn með frávik í málþroska eiga stundum erfitt með að setja sig í spor annarra og að gera til skiptis en Bína bálreiða (Ásthildur B.J. Snorrardóttir, 2006) kennir þeim viðeigandi boðskipti og leggur góðan grunn að góðum samskiptum.

Elín Þöll Þórðardóttir (2019) bendir á að börn með málþroskaröskun þurfi stuðning og snemmtæka íhlutun. Telja má eðlilegt að tvítýngd börn eigi í erfiðleikum við að tileinka sér íslenskt tungumál, einkum til að byrja með. Mikilvægt er að greina á milli þess að þurfa meiri kennslu í íslensku og málþroskaröskunar til að málörvun skili tilætluðum árangri.

Áhrif málþroska á þroska barna

Góður málþroski er undirstaða lestrarnáms. Lestur byggist á færni í móðurmáli og þar af leiðandi er hægt að segja að á fyrstu mánuðum ævi barns er lagður grunnur að lestrarnámi allra barna. Eftir því sem barnið hefur tileinkað sér betri málþroska, því færara er það til að takast á við lestrarnám.

Lestur eykur orðaforðann þess vegna er mjög mikilvægt að lesið sé fyrir börnin og þau fái tíma til lestrar bæði heima og skólanum.

Þá er orðaforði lykillinn að lesskilningi barnsins og þekkingu. Því meiri orðaforða og almennri þekkingu sem barnið býr yfir því betur verður það fært um að leggja grunn að læsi og ná að skilja krefjandi texta af ýmsu tagi. Góður lesskilningur byggir á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir 2010)

Læsisstefna Kópavogsbæjar

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur og undirbúa nemendur sína fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútíma samfélagi. Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Börn fá í vöggugjöf hæfileikann til þess að læra mál. Hversu vel hann nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og dregur úr eða jafnvel kemur í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir.

Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis – og hljóðavitund, lesfimi, lesskilningi, hljóðrænni umskráningu og orðaforða. Framkvæmd stefnunnar byggir á að allt skólasamfélagið í Kópavogi taki höndum saman um að bæta árangur barna í lestri. Framtíðarsýnin er mótuð út frá leiðarljósi þar sem sett eru fram fjögur markmið sem byggja á hlutverki foreldra í skólastarfi, stuðningi við kennara og samvinnu við stofnanir og félagasamtök.

Heilsuleikskólinn Fífusalir setur sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við aðalnámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur.

Hlutverk kennara

Kennarar eru fyrirmyndir barnanna í öllu daglegu starfi, þeir leggja áherslu á að setja orð á allar athafnir og gjörðir. Tala skýrt, nota fjölbreyttan orðaforða og hvetja börnin til málnotkunar.

Kennarar þurfa að vanda sig við að grípa ekki fram í fyrir börnunum eða svara fyrir þau, í samræmi við stefnu leikskólans um hlustun og staðfestingu (Berit Bae, 1996). Stjórnendur leikskólans þurfa að upplýsa allt starfsfólk um nýjungar og hvetja það til endurmenntunar. Kennarar nýta m.a. bókina Markviss málörvun (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 2018) í málörvunarstundum.

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund felur í sér færni til að ríma, setja saman orð og taka í sundur, auk þess að búa til ný orð, skoða hvað er orð og hvernig þau raðast saman í setningar. Hljóðkerfisvitund endurspeglar þá þekkingu sem einstaklingur býr yfir um móðurmál sitt og veit af reynslu, að málið hefur ákveðið form, setningar, orð, atkvæði og hljóð (Helga Sigurmundsdóttir 2002: 22).

Scarborough og Brady (2002) benda á að börn fjögurra til sex ára gömul eiga að hafa náð góðu valdi á móðurmálinu. Þau hafa betri málmeðvitund og gera sér grein fyrir að málið hefur margar hliðar. Börn hafa gaman af að skoða hvernig hægt er að búa til ný orð og bulluríma eða finna hvaða orð ríma og hvaða orð ríma ekki. Leikur þeirra að orðum er mikilvægur undirbúningur fyrir lestarnám. Þau æfa málmeðvitund sína í leik og skoða jafnhliða talmálið og ritmálið á þessum árum.

Snemmtæk íhlutun

Mikilvægt er að nýta þann tíma á meðan börn eru enn ung til þess að móta færni þeirra á leikskólaaldri þegar miðtaugakerfi þeirra er hvað mest mótun. Hér er bæði verið að tala um börn með eða án frávika og er því mikilvægt að leikskólinn bjóði upp á fjölbreytta og góða þjónustu þar sem komið er til móts við þarfir hvers og eins. Með snemmtækri íhlutun er hægt að þjálfa upp ýmsa færni sem mun nýtast barninu í komandi framtíð.

Til eru ýmsar skilgreiningar á snemmtækri íhlutun, þær hafa það þó allar sameiginlegt að áhersla er lögð á mikilvægi þess að hafa áhrif á þroskaframvindu barna eftir þörfum. Þetta er gert með markvissum aðgerðum og gripið er inn í þróun á þroska ungra barna sem sýna frávik eins snemma og hægt er á lífsleiðinni. Talað er um að tímabil snemmtæktrar íhlutunar sé frá fæðingu til 6 ára aldurs og getur íhlutunin hafist hvenær sem er á þessu tímabili. Aðaláherslan er að hún hefjist sem fyrst eftir að áhyggjur vakna. Íhlutunin beinist ekki eingöngu að barninu sjálfu heldur einnig að fjölskyldu þess (Dr. Tryggvi Sigurðsson, 2003).

Í Fífusölum er lögð áhersla á að grípa inn í eins fljótt og auðið er þegar grunur vaknar um frávik í þroska. Ýmsar leiðir eru farnar til að meta hvort áhyggjur eigi við rök að styðja, svo sem heilsubók barnsins, reglubundnar skimanir, athuganir og próf og ýmsir listar eru notaðir til að meta framvindu í þroska barnanna.

Hlutverk sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri Fífusala vinnur eftir starfslýsingu KÍ, lögum og reglugerðum leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitafélagsins. Aðalverkefni sérkennslustjóra er yfirumsjón og skipulag sérkennslu, uppeldi og menntun barna, samvinna við forráðamenn, samstarfsfólk og utanaðkomandi sérfræðinga. Einnig er hlutverk sérkennslustjóra að boða fundi, rita fundargerðir, útbúa beiðnir, hafa umsjón með útfyllingu lista og annarra fylgiskjala. Sérkennslustjóri er ábyrgðarmaður

einstaklingsnámskrárgerðar, sér um tilkynningar til barnaverndar, skrifar skýrslur og hefur yfirumsjón með myndbandsupptökum vegna frekari greininga og aðkomu velferðarsviðs.

Sérkennslustjóri sér um ráðgjöf til starfsmanna leikskólans og forráðamanna varðandi snemmtæka íhlutun. Deildarstjórar geta óskað eftir að sérkennslustjóri sitji viðtöl við forráðamönnum. Sérkennslustjóri situr ávallt viðtöl þegar ræddur er grunur um frávik í þroska, einnig situr sérkennslustjóri alla skila – og upplýsingaviðtöl með öðrum sérfræðingum.

Sérkennslustjóri sér um fyrirlögn á *EFI* –2 og *HLJÓM* - 2 ásamt deildarstjórum sem hafa réttindi til þess. Sérkennslustjóri sér um að skila viðeigandi upplýsingum um börn sem hafa verið í hans umsjón til annarra leik og grunnskóla eða dagvistunarúrræða.

Foreldrasamstarf

Í Fífusölum er lögð áhersla á gott samstarf við forráðamenn en það er einn af mikilvægustu þáttum í velgengni barna. Hver forráðamaður er sérfræðingur í sínu barni og þekkir það betur en nokkur annar.

Meðal þess sem gert er til þess að eiga í góðu samstarfi við forráðamenn er að senda póst á hverjum föstudegi þar sem greint er frá atburðum liðinnar viku. Auk þess eru lokaðir „Facebook“ hópar fyrir hverja deild og er megin tilgangur þeirra að birta myndir úr starfinu og miðla upplýsingum t.d. ef eitthvað sérstakt er í vændum í leikskólanum. Forráðamenn eru hvattir til þess að hafa samband á þann hátt sem þeim þykir best ef þeir þurfa að ræða um barnið sitt. Þetta getur verið þegar komið er með barnið eða þegar verið er að sækja það. Forráðamenn geta hringt í viðkomandi aðila sem þeir þurfa að hafa samband við í leikskólanum eða senda tölvupóst. Viðtöl við forráðamenn eru skipulögð einu sinni yfir skólaárið í kringum afmælisdag barnsins, auk þess er alltaf í boði að óska eftir viðtali ef þörf þykir.

Reglubundnar skimanir, athuganir og próf

Í Fífusölum eru forráðamenn hvattir til þess að fara með börnin sín í reglubundnar skoðanir á vegum heilsugæslunnar. Gott samstarf er milli Fífusala og heilsugæslunnar og ef um mikil frávik eru að ræða þá hefur heilsugæslan samband við sérkennslustjóra (með samþykki foreldra). Þetta er gert til þess að kanna hver staðan á barninu er í leikskólanum, deila áhyggjum af stöðu barnsins og kanna hvort frekari íhlutun muni eða eigi sér stað.

Í Fífusölum er fylgst með framvindu þroska barna og eru tvennskonar matstæki, lagt fyrir öll börn í leikskólanum. Þetta er gert til þess að fylgjast með og grípa inn í eins fljótt og hægt er þegar frávik eru til staðar. Bæði þessi matstæki eru tengd málþroska barna, annars vegar er þetta *EFI*-2 og hins vegar *HLJÓM*-2. *EFI*-2 skimar fyrir málskilningi og máltjáningu barna en *HLJÓM*-2 metur hljóðkerfisvitund barna. Auk þessara matstækja er fylgst með þroskaframvindu barnanna í heilsubók barnsins.

EFI-2

EFI-2 er íslensk málþroskaskimun sem lögð er fyrir öll börn á fjórða ári yfirleitt í kringum þriggja og hálfs árs. Skimunin er í leikjaformi og kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins, Höfundar *EFI-2* eru Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. Þau eru öll þau talmeinafræðingar með mikla reynslu. Tilgangurinn með skimuninni er að finna börn sem þurfa íhlutun. Með *EFI-2* skimun fást vísbendingar um hver málþroski barnsins er miðað við jafnaldra, hvar styrkur barnsins liggur og hvort veikleikar eru í málskilningi eða máltjáningu barnsins. Komi börn slök eða mjög slök úr skimuninni hefst ákveðið ferli innan leikskólans. Deildarstjóri og sá sem sér um málörvun er greint frá niðurstöðunum svo hægt sé að vinna að þeim þáttum sem eru slakir. Eftir um það bil tvo mánuði er gert endurmat á barninu, ef niðurstöðurnar er enn slakar eru forráðamenn boðaðir á fund og rætt um stöðu barnsins og framhaldið ákveðið. Í framhaldi er yfirleitt er útbúin beiðni til talmeinafræðings. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi er heimilt að leggja málþroskaskimunina og hefur sérkennslustjóri séð um fyrirlögnina undanfarin ár.


HLJÓM-2

HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn á elsta ári, fyrri fyrirlögnin er í október og ef þörf er á er endurmat í janúar. *HLJÓM-2* er íslenskt, aldursbundin próf til að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir því að eiga við lestrarerfiðleika síðar. Höfundar prófsins eru Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir talmeinafræðingar og dr. Amalía Björnsdóttir. *HLJÓM-2* byggist á sjö mismunandi verkefnum: rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtenginu. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrar erfiðleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá hljóðkerfisþætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum.

Í Fífusölum eru öll elstu börnin í sérstökum rímhópum í málörvun til þess að styrkja hljóðkerfisvitund og undirbúa þau fyrir prófið *HLJÓM-2* sem er lagt fyrir í leikjaformi. Þegar niðurstöður eru komnar í ljós halda einungis þau börn áfram sem hafa komið út með slaka eða mjög slaka færni í prófinu áfram í sérstökum málörvunarhópum þar sem markvisst er unnið með að styrkja hljóðkerfisvitund. Tíminn er nýttur til þess að bæta kunnáttu þeirra í von um að þau komi betur út í endurmatinu með *HLJÓM-2*. Ef um umtalsverð frávik eru að ræða samkvæmt niðurstöðum prófsins er send inn beiðni til talmeinafræðings í samráði við forráðamenn. Niðurstöðum *HLJÓM-2* er ávallt skilað skriflega til forráðamanna, mikilvægt er að gefa góðan tíma til þess að fara yfir niðurstöðurnar með forráðamönnum og útskýra ef þörf er á. Niðurstöðunum er einnig skilað til grunnskólans vegna þess að þær sýna mikilvægt forspárgildi varðandi börn sem eru í áhættu hvað varðar lestrarörðugleika.

Viðbrögð við frávikum

Þegar grunur um frávík kviknar er unnið í samræmi við verkferla leikskólans. Fyrstu viðbrögð koma oftast frá deildarstjóra barnsins. Deildarstjórinn hefur þá fylgst vel með barninu, rætt stöðu þess við aðra starfsmenn deildarinnar og hefur reynt nýjar aðferðir í samvinnu við samstarfsfólk. Ef það skilar ekki árangri skráir hann niður þá þætti sem athuga þarf nánar hjá barninu á beiðnablað til sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri fylgist með barninu inn á deild og safnar frekari upplýsingum frá deildarstjóra. Sérkennslustjóri ráðleggur með framhaldið í vinnu með barnið og ákveðið er að taka stöðuna aftur eftir ákveðinn tíma. Ef engar framfarir eiga sér stað þá er gripið til frekari aðgerða. Forráðamenn eru boðaðir á fund og farið er yfir stöðu barnsins og starfsfólk leikskólans fer yfir þær áhyggjur sem hafa komið fram. Kynntar eru fyrir forráðamenn mögulegar leiðir til þess að meta stöðu barnsins enn frekar eftir þörfum. Á þessu stigi málsins kemur skólaþjónusta Kópavogsbæjar inn í málið. Innan hennar eru sérkennsluráðgjafar, sálfræðingar, talmeinafræðingar og iðjupjálfi. Til þess að fá aðstoð frá skólaþjónustunni þarf að fylgja öðru verklagi sem farið verður nánar út í hér að neðan.



Stoðþjónusta

Þegar leikskólar óska eftir frekari mati frá skólaþjónustu Kópavogsbæjar þarf sérkennslustjóri að fylla út í beiðni í samráði við forráðamenn og deildarstjóra. Fyrir beiðnina þarf að fylla út í ákveðna lista og gefa lýsingu á stöðu barnsins. Hér á eftir er upptalning listum sem þurfa að fylgja beiðnum til skólaþjónustuna.

Áhyggjur af málþroska: Málskilningur, tal og/eða framburður

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans (þarf ekki að fylgja ef bara framb.)
2. Gátlisti fyrir málþroska barna: (fyrir starfsfólk að fylla út)
 - Gátlisti fyrir málþroska 2 - 3 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 3 - 3,6 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 3,6 - 4 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 4 - 4,6 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 4,6 - 6 ára barna
3. Niðurstöður mats:
 - *Orðaskil* (18-36 mánaða) (fyrir foreldra að fylla út)
 - *EFI-2* (3-4 ára) (fyrir starfsfólk að fylla út)
 - *HLJÓM-2* (5 ára) (fyrir starfsfólk að fylla út)
 - Ef framburðarvandi hjá 4 ára og eldri: *ISC* (fyrir foreldra að fylla út)
 - (<http://www.csu.edu.au/research/multilingual-speech/ics>)
4. Ef barn hefur íslensku sem annað tungumál er gagnlegt að fylla út **Staða og framfarir 3-5 ára barna** og láta samantekt niðurstaðna fylgja með (fyrir starfsfólk að fylla út):
 - (http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/matslisti_0.pdf)

Áhyggjur af þroska - einhverfu

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans (fyrir foreldra að fylla út)
2. Gátlisti fyrir málþroska barna (fyrir starfsfólk að fylla út)
 - Gátlisti fyrir málþroska 2 - 3 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 3 - 3,6 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 3,6 - 4 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 4 - 4,6 ára barna
 - Gátlisti fyrir málþroska 4,6 - 6 ára barna
3. Spurningar um styrk og vanda (SDQ) (fyrir 4 ára og eldri) (fyrir foreldra og starfsfólk að fylla út)
Listinn er til á mörgum tungumálum: <http://www.sdqinfo.com/py/sdqinfo/b0.py>

Vandi tengdur hegðun, einbeitingu, hreyfiþroska eða skynjun

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans (fyrir foreldra að fylla út)
2. Gátlisti fyrir hegðunarvanda (fyrir starfsfólk að fylla út)
3. Spurningar um styrk og vanda (SDQ) (fyrir 4 ára og eldri) (fyrir foreldra og starfsfólk að fylla út)
Listinn er til á mörgum tungumálum: <http://www.sdqinfo.com/py/sdqinfo/b0.py>

Tilfinningavandi (kvíði, depurð, hlédrægni)

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans (fyrir foreldra að fylla út)
2. Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri (fyrir starfsfólk að fylla út)
3. Spurningar um styrk og vanda (SDQ) (fyrir 4 ára og eldri) (fyrir foreldra og starfsfólk að fylla út)
Listinn er til á mörgum tungumálum: <http://www.sdqinfo.com/py/sdqinfo/b0.py>

Matstæki

Hér verður farið nánar yfir þau matstæki sem notast er við í leikskólum Kópavogs.

Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn

Íslenski þroskalistinn er ætlaður til að meta þroska barna frá þriggja til sex ára með því að safna upplýsingum frá mæðrum þeirra. Mæður svara stöðluðum spurningum um mál og hreyfifærni barna sinna á þeim tíma sem listanum er svarað. Listanum er skipt niður í sex undirpróf – grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám. Þroskatala barnsins er síðan reiknuð með því að setja saman stiginn úr hverjum undirprófi fyrir sig og gefur til kynna almennan þroska barnsins að mati móðurinnar (Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn, e.d. a).

Smábarnalistinn er eins og Íslenski þroskalistinn nema hann er ætlaður til að meta börn á aldrinum fimmtán til þrjátíu og sex mánaða börnum. Listinn samanstendur af fimm undirprófum – grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal (Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn, e.d. b).

Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf í formi orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófið metur orðaforða barnsins og hvort barnið hafi náð tókum á beygingakerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgir prófinu svo hægt sé að meta það hvort málþroski barnsins mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Höfundur prófsins er Elín Þöll Þórðardóttir talmeinafræðingur (Talþjálfun Reykjavíkur, e.d.).

Gátlisti fyrir málþroska

Gátlisti fyrir málþroska er athugun sem gerð er af kennurum og kannar mál-/talvanda leikskólabarna. Með listanum er hægt að skima málþroska hjá börnum frá tveggja til sex ára aldurs og er það gert með því að skipta honum upp í fimm mismunandi aldursbil. Gátlistinn gefur hugmynd um umfang málþroskavanda sem talmeinafræðingur metur síðan nánar. Gert er ráð fyrir að kennarar fylgist með barninu í að minnsta kosti fjórar vikur og merki síðan við þá þætti sem eiga við og gefa lýsingu á málnotkun barnsins í ákveðum aðstæðum. Gátlistinn er endurskoðaður og aðlagður af Margréti

Samúelsdóttur, talmeinafræðingi með leyfi Hólmfríðar Árnadóttur og Valdísar Birnu Guðjónsdóttur talmeinafræðinga.

ICS

ICS stendur fyrir Intelligibility in Context Scale og er þýtt yfir á íslensku í *Kvarðinn Skilningur á tali í samhengi*. Listinn er ætlaður forráðamönnum til þess að meta farmburð barna fjögurra ára og eldri. Metið er hversu vel eða illa barnið skilst í samskiptum við fjölskyldu, stórfjölskyldu, vini og kunningja út frá sjö spurningum. Kvarðinn er þýddur yfir á fjölda tungumála og var það Þóra Másdóttir talmeinafræðingur sem þýddi listann á íslensku.

Staða og framfarir 3-5 ára barna

Staða og framfarir er handbók fyrir leikskóla, hjálpartæki til að meta stöðu og framfarir barna af erlendum upprunna í íslensku máli. Handbókin gengur út á að skrá atferli og málnotkun barnanna, gefnar eru fjórar hugmyndir um hvernig hægt er að skipuleggja skráninguna. Í upphafi handbókarinnar eru sett fram nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar verið er að meta máltöku í öðru tungumáli. Til dæmis er nauðsynlegt að taka tillit til viðhorfa sem tengjast menningu forráðamanna og geta haft áhrif á hvernig börn leika sér, læra og tengjast öðru fólki. Höfundur handbókarinnar er Kolbrún Vigfúsdóttir (2005).

Mat á hegðunarvanda

Mat á hegðunarvanda er sérstakur matslisti sem útbúinn var fyrir skólaþjónustu menntasviðs Kópavogs. Listinn er fylltur út af kennurum sem þurfa að fylgjast með barninu í mismunandi aðstæðum og skrá þegar erfið hegðun kemur upp. Þá þarf að skrá niður aðdraganda hennar. Höfundur listans er Elísa Guðnadóttir, sálfræðingur, 2013, byggt á Corne og Horner (2004) og Todd, Horner, Sugai og Colvin (1999). Listinn var síðast uppfærður 2019 af Guðlaugu Marion Mitchison sálfræðingi.

SDQ spurningar um styrk og vanda

SDQ-listinn er gerður til þess að kanna hegðun, líðan, tilfinningar og hæfni í félagslegum samskiptum hjá börnum fjögurra ára og eldri. Um er að ræða tvenns konar lista annars vegar fyrir forráðamenn og hins vegar fyrir kennara, svörin eru svo borin saman af sálfræðingi innan skólaþjónustu Kópavogsbæjar.

Gátlisti um kvíðaeinkenni

Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri er listi sem forráðamenn og kennarar svara. Um er að ræða 21 já/nei spurningar, merkt er við þau atriði sem eiga oft við hjá barninu sem gerir það að verkum að barninu gengur illa eða getur ekki tekið þátt í leik og starfi eða þroskast eðlilega. Ef mörgum spurningum er svarað játandi og/eða hegðun barnsins er mjög hamlandi er mælt með frekari íhlutun. Höfundur gátlistans er Elísa Guðnadóttir, sálfræðingur. Forráðamönnum er bent á námskeiðið **Klókir litlir krakkar**. Foreldrar sækja um að fara á námskeiðið í gegnum Kópavogsbæ og

eru það sálfræðingar sem eru leiðbeinendur á námskeiðinu.

Einstaklingsmiðuð þjálfun

Sérhvert barn á rétt á því að komið sé til móts við það á þeim stað sem það er. Í Fífusölum er lögð rík áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu fyrir þau börn sem eru með frávík í þroska. Það eru nokkrir undirstöðupættir í einstaklingsmiðari þjálfun sem verður farið yfir hér svo sem teymisvinnu, einstaklingsnámskrár, mismunandi þjálfunarleiðir og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.

Teymisvinna

Í Fífusölum er búið til teymi utan um öll börn sem hafa fengið úthlutað stuðningstímum. Teymin eru misstór en grunnurinn er alltaf sá sami, foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og stuðningsfulltrúi. Fyrir þau börn sem eru með sex tíma eða fleiri stuðningstíma skipta tveir stuðningsfulltrúar með sér tímum til að sinna stuðningi við börnin eftir þörfum. Samstarf er við sérkennsluráðgjafa frá menntasviði Kópavogsbæjar og boðað er á teymisfundi ef þörf þykir. Í stærri teymum koma fleiri fagaðilar að svo sem talmeinafræðingar, sjúkrapjálfi, iðjupjálfi og ráðgjafar frá velferðarsviði svo eitthvað sé nefnt. Megin markmið með teymisvinnunni er að samþætta þekkingu mismunandi aðila til þess að ná sem bestum árangri í vinnunni með barninu.

Sérkennslustjóri er teymisstjóri og er tengiliður við leikskólann, forráðamenn og aðra sérfræðinga sem eru í teyminu. Hlutverk teymisstjóra er að boða fundina, útbúa áhersluatriði til að ræða á fundunum, skrifa fundagerðir og halda utan um fundina. Boðaðir eru fundir á 4–8 vikna fresti og fer lengdin á milli funda eftir stöðu barnsins. Á fundunum er farið yfir helstu atriðin í leikskólanum og heima fyrir. Farið er yfir námskrá barnsins og ákveðnir nýir áherslupættir eftir framvindu mála hjá viðkomandi barni.

Einstaklingsnámskrá

Öll börn sem eru með stuðning í Fífusölum fá sína eigin námskrá sem unnin er í samvinnu við teymi út frá þörfum barnsins. Oft eru ýmsir listar notaðir samhliða námskrám til þess að finna markmið t.d. APES matskerfið, eða listar þar sem unnið er eftir í atferlisíhlutun og félagsfærnilista.

Sérkennslustjóri er ábyrgur fyrir gerð einstaklingsnámskráa og eru þær endurmetnar á sex til átta vikna fresti, fyrr ef þörf þykir. Stuðningsfulltrúar vinna eftir henni, markmiðin ná yfir allar athafnir daglegs lífs og er ætlast til þess að unnið sé að markmiðum við hvert tækifæri sem gefst. Þetta þýðir að þjálfun fer ekki einungis fram í skipulögðum vinnustundum í afmörkuðu rými. Til þess að sem bestur árangur náist er mikilvægt að allir starfsmenn deildarinnar séu meðvitaðir um helstu markmið einstaklingsnámskrána, þannig öðlast barnið fleiri tækifæri til þess að ná markmiðunum. Sérkennslustjóri og stuðningsfulltrúar útbúa skjal með helstu markmiðum og hengja upp inn á deild t.d. inn á skáphurð.

AEPS

AEPS er matskerfi sem er notað í Fífusölum til að kortleggja börnin, hvar styrkleikar þeirra eru og veikleikar. Þetta matskerfi hentar vel til að hafa til hliðsjónar þegar einstaklingsnámskrár eru gerðar. Um er að ræða tvenns konar lista. Annars vegar lista fyrir forráðamenn og hins vegar fyrir leikskólann. Auk þess eru tvö hefti sem hægt er að velja milli til að nota eftir því hver staða barnsins. Kosturinn við AEPS er að listinn metur barnið út frá sjálfu sér og engum öðrum. Með þessu er auðveldara að fylgjast með framförum hjá barninu. Í listunum er verið að meta færni barnsins á sex þroska sviðum: fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.

Atferlisíhlutun

Í Fífusölum hefur atferlisíhlutun verið notuð í nokkur ár. Lögð er áhersla á að útfæra hugmyndafræðina að barninu en ekki barnið að hugmyndafræðinni. Þannig næst góður árangur og mestu framfarirnar.

Vinnustundafjöldi fer eftir ýmsu en alla jafna fara börnin tvisvar á dag ca. 30 mín í senn. Yfirleitt fara þessar vinnustundir fram í lokuðu rými þar sem barn og þjálfari eru tvö saman en það er bara hluti af allri þjálfuninni sem á sér stað, farið er betur yfir þetta í textanum hér fyrir neðan.

Atferlisíhlutun er byggð á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar og er markviss, árangursrík og viðurkennd leið sem hefur það markmið að byggja upp margvíslega færni hjá börnum (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, 2018).

Markmið atferlisíhlutunar er að barnið öðlist sem mest sjálfstæði, geti notað hæfileika sína, átt samskipti við aðra. Stuðst er við matslista til að meta færni barnsins og þannig er hægt að finna markmið sem unnið er með dags daglega, þetta er ávalt gert í samvinnu við forráðamenn. Auk þess að nota matslistana er haft til hliðsjónar geta jafnaldra, styrkleikar og áhugasvið barnsins og óskir forráðamanna (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, 2018).

Bein kennsla er notuð í vinnustundum þar sem unnið er maður á mann, þá er verið að leggja inn nýja eða flókna færni sem krefst mikillar athygli frá barninu. Færnin er brotin niður í lítil skref sem kennd eru á kerfisbundin hátt (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, 2018). Til að byrja með eru kröfurnar mjög litlar og eftir því sem betur gengur aukast kröfurnar t.d. er yfirleitt byrjað á að leggja inn óyrta færni áður en farið er í yrta færni. Með óyrtri færni er átt við að barnið þarf aðeins að benda en með yrtri færni þarf barnið að segja með orðum eða táknum hvað það hugsar. Barnið þarf að standast ákveðnar kröfur til þess að færni sé talin lærd.

Skipulögð kennsla

Skipulögð kennsla er alltaf í boði og farið er eftir óskum forráðamanna, hvað þau telja besta kostinn fyrir sitt barn. Megináhersla er lögð á að koma til móts við hvert og eitt barn eins og það er statt á hverjum degi.

Skipulögð kennsla er þróuð út frá hugmyndafræði TEACCH sem er skammstöfun og stendur fyrir „Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children“ eða meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir“. Skipulögð kennsla leggur megin áherslur á að hafa umhverfið fyrirsjáanlegt og hentar það einstaklega vel fyrir einstaklinga á einhverfurófinu. Til þess að gera umhverfið fyrirsjáanlegt er sett upp sjónrænt dagskipulag og vinnukerfi auk þess sem sumir einstaklingar notast við sjónrænt boðskiptakerfi til þess að tjá vilja sinn og langanir. Með þessu er verði að ýta undir sjálfstæði einstaklinga og gera þeim kleift á að framkvæma án þess að fá stuðning frá öðrum. Einstaklingskennsla er einnig mikilvægur þáttur í skipulagðri kennslu en þar gefst barninu tækifæri til að tileinka sér nýja færni. Kostur við skipulagða kennslu er að sú þjálfun getur í raun átt sér stað hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er (Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, e.d.). Í Fífusölum er notað ýmislegt úr skipulagðri kennslu til þess að koma til móts við börn sem hafa sérþarfir. Það helsta er notkun á sjónrænu dagskipulagi til þess að draga úr allri óvissu. **Barnið sér** hvað það á að gera núna, hversu lengi það verður og hvað gerist næst. Til þess að sýna hversu lengi barnið á að vera á hverjum stað er m.a. notaður tímafari.



Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum er átt við þær leiðir sem einstaklingar nota til þess að eiga tjáskipti sem fellur ekki undir talað mál. Þessar tjáskiptaleiðir geta verið varanlegar eða tímabundnar, þær geta komið alfarið í staðinn fyrir talað mál eða sem viðbót við talað mál. Hér geta tjáskiptin verið allt frá svipbrigðum, bendingum, látbragð, táknum gerð með höndunum, hlutbundnum táknum og myndrænum táknum. Hægt er að flokka tákn gerð með höndum niður í tvo flokka annars vegar táknmál heyrnalausra og hins vegar Tákn með tali (TMT) (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2010a).

Í Fífusölum eru notaðar fjölbreyttar tjáskiptaleiðir og mætum við þörfum barna fyrir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir þegar þess þarf. Helstu tjáskiptaleiðir sem starfsfólk leikskólans nýtir: Tákn með Tali (TMT), sjónrænt boðskiptakerfi og „hlutrænt“ boðskiptakerfi. Þegar huga á að óhefðbundnum tjáskiptaleiðum er það í höndum sérkennsluteymis að vega og meta hvað leið hentar hverju barni.

Tákn með tali byggist á samblandi af látbragði, táknum og tali. Táknunum eru skipt í náttúruleg tákn og eiginleg tákn. Náttúruleg tákn byggjast á því að athöfn er leikin en eiginleg tákn eru flest komin úr táknmáli heyrnalausra. Tákn eru alltaf notuð með töluðu máli þar sem aðeins lykilorð hvernar setningar eru táknuð. Fyrir flesta er látbragð eðlilegur hlutur í tjáningu t.d. kinka margir kolli þegar þeir segja já, yppta öxlum þegar þeir vita ekki eitthvað, vinka þegar sagt er bæ og svo framvegis. Einn lykilþáttur í TMT er að sá sem notar það talar hægar og skýrar og leggur meiri áherslu á lykilorðin. Algengt er að börnin byrji á því að nota tákn þar sem þau eru auðveldari en orðin. Þegar barn áttar sig á árangrinum er það líklegri til þess að halda áfram að tjá sig og færa sig yfir í að tala samhliða táknum. Augnsamband er lykilþáttur til þess að barn læri TMT því ef það horfir ekki á þann sem er að kenna komast táknin ekki til skila (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005).

Þegar notast er við sjónrænt boðskiptakerfi er annað hvort notaðar ljósmyndir út umhverfi barnsins eða teiknaðar myndir, svo sem myndir úr „Boardmaker“. Oftast er það þannig að byrjað er á ljósmyndum og síðan farið yfir í teiknaðar myndir.

Fyrir yngri börnin er oftast byrjað á því að notast við hlutrænt boðskiptakerfi. Með því er átt við að barninu er réttur ákveðin hlutur sem táknar ákveðna athöfn eða gefur til kynna hvað er að fara að gerast t.d. þegar komið er að bleyjuskriptum þá er barninu rétt bleyja. Hér skiptir máli að alltaf sé notaður sami hluturinn til að tákna sömu athöfnina. Gott er að safna þessum hlutum saman í körfu og hafa á aðgengilegum stað.

Sértæk málörvun í Fífusölum

„Talið er að málskilningur og lesskilningur byggi á sömu undirstöðupáttum en þróist á mismunandi hátt, málskilningur í gegnum talað mál en lesskilningur í gegnum ritmálið“ (Bergljót Vilhemína Jónsdóttir, 2010). Góður orðaforði er grundvallarþáttur í málskilningi og um leið máltjáningu barna, auk þess er hann forsenda fyrir öllu námi frá leikskóla til áframhaldandi menntunar til framtíðar litið. Orðaforði er lykillinn að lesskilningi barnsins og þekkingu. Því meiri orðaforða og almenna þekkingu sem barnið öðlast, því betur verður það í stakk búið til að lesa og skilja krefjandi texta þegar í grunnskóla kemur. Góður orðaforði er forsenda lesskilnings, en málskilningur og þekking á mæltu máli og uppbyggingu þess spilar þar stórt hlutverk (Burns, Griffin & Snow, 1999).

Áður en sértæk málörvun barna fer fram þá þarf að greina *málþroskafrávik og framburðarraskanir auk einbeitingar- og hegðunarerfiðleika og þroskahömlunar* til að geta sinnt snemmtækri íhlutun. Málþroskaraskanir geta verið samhliða þroskafrávikum, fötlunum eða langvarandi veikindum. (Ester Sighvatsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir, 2004).

Leikurinn er viðurkennd náms- og þroska leið leikskólabarnsins í gegnum hann fer fram uppgötvunarnám sem eflir þekkingu þess í gegnum reynsluheim sinn á nánasta umhverfi og samskipti við fólkið í kringum það. Í gegnum leikinn lærir barnið á umhverfi sitt og gegnum samskipti við kennara

og forráðamenn uppgötva þau málið og lærir að byggja ofan það með nýrri reynslu og barnið lærir þannig á nýja hluti.

Markviss málörvun

Á aldrinum tveggja til þriggja ára eru bestu náms- og kennsluleiðir fjölbreyttur sjónrænn efniviður t.d. bækur og önnur leikföng. Með því að vera meðvitaður um öll skilningarvit barnanna verður auðveldara að kveikja á áhugahvötinni og forvitni hjá þeim jafnhliða því að styrkja hugtakaskilning og hljóðamyndun. Á þessu aldursbili er lagður grunnur að málþroska sem leikskólabarnið býr að til framtíðar.

Í markvissri málörvun leikskólans er unnið markvisst að því að auka orðaforða þeirra og hvetja þau til tjáningar. Jafnhliða orðaforðavinnu er verið að vinna með almennan skilning þannig að barnið noti ekki aðeins þau orð sem verið er að leggja inn heldur skilji merkingu þeirra.

Markmiðið er að leggja inn orðforða og nafngreina hluti og hvetja barnið til að setja orð á það sem fyrir augu ber. Þegar orðaforði eykst opnast tækifæri til þess að vinna með fleiri þætti svo sem setningamyndun og málfræði.

Hópar

Þróun máhljóða hjá yngri börnunum. Framburður fyrstu orðanna er einfaldur og hljóðin sem börn ná tökum á einna fyrst eru (m,b,n,d,) og einföld sérhljóð (einhljóð), (a, í ú, o.s). Algengustu fyrstu hljóðakeðjur eru: mamma, babba, babbi og datt. Tveggja og hálfs árs gömul börn ráða við flest máhljóð íslenskunnar en eiga ef til vill enn í erfiðleikum með fráblastur lokhljóða (p, t) og að þau geti myndað sama hljóð í miðju eða aftast í orði. Hægt er að styrkja orðaforða yngstu barnanna með því að læra og leika með máhljóðin og styrkja hljóðakeðjur eins og ma, ma, mam-ma, a-fi, am-ma. a-pi, ba-ba, babba, bí-bí (bíbí), ban-na-i.

Fjögurra og fimm ára gömul hafa börn tileinkað sér langflest máhljóðanna en nokkur leikskólabörn eiga í erfiðleikum með sum samhljóðasambönd má þar nefna orðið blaðra í tjáningu verður blarða, og fiðrildi eru nefnd firrildi, þá verður kartafla að karpatla. Einnig er nokkuð algengt að leikskólabörn víxli samhljóðum fremst í orði eins /k/ hljóðið í orðinu koddur verður /g/ sbr. goddi. Á þessum aldri eiga sum börn enn erfitt með að ná framburði / r/, / s/, /p/ máhljóða og önghljóðs forminu af /g/ (eins og það birtist í orðunum fluga og auga). Auk þess er ekki hægt að búast við að fjögurra ára börn ráði við hn-hljóðið í orðum eins og hnífur og hneppa. Þá eru samhljóðaklasar vanalega einfaldaðir og segja þau gjarnan depha í stað stelpa og dákkur, eða jafnvel gáku, í stað strákur, eða gór, og skór, elda verður oft enda (Þóra Másdóttir og Friðrik Rúnar Guðmundsson, 2015).

Áður en börn þekkja bókstafina og læra að lesa hafa þau tileinkað sér hljóðkerfisferlið sem hjálpar þeim að vinna úr talmálinu. Þetta ferli hjálpar börnum meðal annars að aðgreina máhljóð og skynja hvernig þau tengjast saman. Það er líka grunnur fyrir þróun ritmáls. Talmálið endurspeglar síðan

hljóðkerfi viðkomandi einstaklings. Börn með frávík í máli og tali eiga oft í erfiðleikum með hljóðkerfisvitund og lestur (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2002). Því er mikilvægt að halda utan um nám og kennslu þeirra áður en grunnskólaganga hefst.

Hegðunarerfiðleikar hjá börnum geta verið hamlandi fyrir börn bæði í leik og daglegu lífi. Þau eiga oft í erfiðleikum með að einbeita sér að náminu, fylgja fyrirmælum og hafa hemil á hegðun. Markmiðið er að efla félagsleg samskipti með áherslu á virka hlustun og boðskipti til þess að deila og þiggja í jafnaldrahópnum í málumhverfinu.

Anna Lind Pétursdóttir (2011) bendir á að erfiðri hegðun er hægt að breyta þar sem hún er lærd eins og önnur hegðun og þar af leiðandi getur hún verið aflærð með inn gripum sem eru árangursríkar.

Mikilvægast í félagslegum samskiptum er að hlusta á aðra og geta deilt og þegið í þessari samvinnu. Undirstaða þess er að vera í takt við viðurkenndar umgengisreglur skráðar eða óskráðar sem lærast í samfélagi við aðra í daglegum aðstæðum og framtíðinni. Á þessum tímamótum leikskólabarna, frá fjögurra til sex ára skiptir það sköpum fyrir þau að leggja grunn að farsælum tengslum við aðra, í gegnum öll leikskólaárin.

Náms- og kennsluleiðir

Þær leiðir sem eru notaðar í Fífusölum eru að vinna með börnin í minni hópum, eins er unnið markvisst inn á deildum. Það sem er haft til hliðsjónar er áhugasvið barnsins. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1992) bendir á að ein góð leið til að efla málþroska séu frásagnir og er söguspil þar sterkt því að þegar saga er sögð þá reynir á flesta þætti málsins og málnotkun.

Hljóðasmiðja Lubba nr. 1 höfundar Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, er efniviður sem nýttur er í vinnu með sérstaka framburðarhópa innan leikskólans. Notaður er heyrnænn efniviður með dýrahljóðum og leikfangadýrum til að handleika og æfa hljóðin sem dýrin gefa frá sér. Myndir og hljóð, skoða hver á þetta hljóð ? Nota spjaldtölvur og tölvur almennt til að virkja náms- og kennsluleiðir. Með notkun á forritum fyrir börn á þessum aldri til að leggja inn íslenska tungumálið. Þokaleikur er skemmtilegur til að ýta undir áhugahvötina, hafa gaman saman, læra og leika með mál og tal í samskiptum við aðra auk þess að styrkja augnsamband og læra að deila og þiggja með því að skiptast á í leiknum.

Mikilvægt er að styðja börnin með skýrum ramma, hegðunarstjórnun, sjónrænum vísbendingum og félagshæfnisögum. Góður stuðningur við börn með hegðunarerfiðleika felst í að setja börnunum skýran ramma og nálgast þau í gegnum leik og með jákvæðum samskiptum.

Bína Bálreiða er þátttakandi í okkar starfi því hún er líka að læra hvað er viðeigandi eða óviðeigandi í félagslegum samskiptum við aðra. Bína hjálpar börnunum að skilja undirstöðupætti boðskipta. Höfundur Bínu er Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur.

Sérkennarinn þekkir boðskiptaleiðir Bínu og hlutverk hans er að leiða leikskólabörnin í gegnum þessa náms- og kennsluleið. Hún getur verið vegvísir að vitneskju barnanna um hvernig þau geti styrkt félagsfærni sína og samskipti við aðra. Oft eiga börn erfitt með að hlusta og skilja hvað er ætlast til að þeim. Í félagsfærni- og einbeitingarhópum læra börnin að tileinka sér ákveðna undirstöðupætti í boðskiptum svo sem að gera til skiptis (fyrst ég og svo þú), bíða og horfa, sitja kyrr, halda sameiginlegri athygli og kalla úr minni. Þetta eru allt grundvallarpættir þess að eiga í góðum félagslegum samskiptum við aðra hvort sem það er í samræðum eða í leik.

Í markvissri málörvun eru fjölbreytt spil eitt helsta verkfærið, með þeim er hægt að efla þá þætti sem upp á vantar hjá barninu í gengum leik. Samhliða spilunum eru til fjöldinn allur af góðu málörvunarverkefnum eins og *Tölum saman* (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, 2005), sem er málörvunarkerfi sem er ætlað börnum með málproskafrávik og tvítyngdum börn.

Í félagsfærnihópunum er einstaklega mikilvægt að hafa skýran ramma og henta sjónrænar vísbendingar um viðeigandi hegðun mjög vel. Börn sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða hafa mun meiri þörf á að sá fullorðni gefi skýrt til kynna hvers ætlast er af þeim og þess vegna eru sjónrænar vísbendingar góðar því þá fær barnið verkfæri í hendurnar til að hjálpa því að ná sjálfstjórn, einbeitingu og lærir í leiðinni viðeigandi boðskipti.

Markviss málörvun undirbúningur vegna HLÓM-2

Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins; hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu. Góð hljóðkerfisvitund felst í því að hafa góða tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum málsins, geta sleppt úr, bætt við og/eða skipt um hljóð eða hljóðeiningar í orðum (Catts og Kamhi, 2005; Muter, 2003; Chard & Dickson, 1999; Torgesen, 1996).

Í leikskólanum Fífusölum er markvisst notað náms- og kennslufnið Ljáðu mér eyra-undirbúningur fyrir lestur. Kennslufnið er fyrir leikskólabörn og fyrstu tvo bekkir grunnskóla. Námsfnið byggir á spennandi og aðgengileg verkefnum sem þjálf hljóðkerfis-vitund og stuðla að betri lestrarfærni. Talmálið er brotið upp í misstórar einingar, setningar, orð, orðhluta og atkvæði (lestur í /lest og ur/. Atkvæðum er skipt niður í samhljóðasambönd og einstök hljóð, sem auðveldar leiðina fyrir börnin við að læra að lesa og skrifa.

Elstu leikskólabörnin hafa gaman að því að skoða hvernig hægt er að búa til ný orð, og bulluríma eða finna hvað rímar og hvaða orð ríma ekki. Leikur þeirra að orðum er mikilvægur undirbúningur að lestrarnámi. Þau æfa málmeðvitund sína í leik og skoða jafnhliða talmálið og ritmálið á þessum árum. Þessi færni, sem börnin tileinka sér nefnist hljóðkerfisvitund (e. Phonological Awareness). Hún felur í sér hæfni til að athuga, hugsa og umbreyta viljandi hljóðrænum þáttum tungumálsins (Amilía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir 2003:10).

Síðustu ár hefur sjónum verið beint að þeim börnum sem lenda í áhættuhóp fyrir lestrarörðuleikum vegna slakrar hljóðkerfisvitundar. Íslenskt próf í leikjaformi *HLJÓM-2* er lagt fyrir 5 ára börnin í því skyni að kanna hljóðkerfisvitund og málvitund þeirra, svo vinna megi fyrirbyggjandi starf síðasta árið í leikskólanum. Rannsóknir sýna að verulega er hægt að draga úr hættu á lestrarörðugleikum með markvissri þjálfun í hljóðkerfisvitund ungra barna.

Flokkun á bókasafni og spilasafni

Bókasafn



Í Fífusölum er bókasafn á yngri og eldri gangi. Á eldri gangi eru bækurnar flokkaðar í þrjá flokka; kennarabækur merktar rauðum kassa, flettibækur (kennari les með barni) merktar appelsínugulum kassa og barnabækur skilgreindar með grænum lit.



Allar hillur eru merktar, en til einföldunar fyrir börnin eru myndir í sömu litum á hlið bókahillu. Bækurnar eru einnig litaflokkaðar til að halda bókasafninu snyrtilegu.

Flokkunarkerfið auðveldar bæði börnum og starfsmönnum umgengni á bókasafninu. Börn vita hvar þau eiga að ganga frá bók þegar þau hafa lesið hana og starfsmenn eru fljótir að finna þá bók sem þeim langar til að lesa. Samhliða þessu var bókasafninu breytt og settir inn í safnið grjónapúðar og aðrir púðar á mottu til að skapa notalegt rými til lesturs.



Spilasafn



Í Fífusölum eru tvö spilasöfn, í fundarherberginu eru spil sem kennarar nota í markvissu starfi með börnunum og í leikfangasafninu eru spil sem börnin geta spilað sjálf. Mikil vinna hefur farið í að skipuleggja spilasafnið, til að auðvelda starfsfólki að finna spil við hæfi hvers og eins.





Spilasafnið er flokkað í átta litaflokka; gulur er almennur skilningur, grænn er orðaforði, rauður er hljóðkerfisvitund, hvítur er stærðfræði, bleikur er félagsfærni, appelsínugulur er heyrnarminni og blár er setningafræði. Þessi flokkun auðveldar starfsmönnum að finna spil og nota þau rétt. Einnig er búið að setja allar spilareglur leikskólans í eina möppu.

Listasmiðja

Í leikskólanum Fífusölum leggur starfsfólkið sig fram við að flétta málörvun inn í allt daglegt starf leikskólans og er listasmiðjan og almennur leikvangur barnanna engin undantekning á því.

Fagstjóri listasmiðjunnar tekur til að mynda virkan þátt í Lubba verkefni leikskólans, þar sem þau er að nýta málhljóð vikunnar í stundum hjá henni. Hún er með Lubba bein og bókstafi sýnilega á veggjum hjá sér. Börnin eru að ræða um bókstafi og málhljóði í listasmiðjunni og skapa verk út frá þeirri umræðu. Fagstjóri smiðjunnar hefur einnig alltaf verið með annað hvort sögur eða tónlist í stundum hjá sér sem er unnið með jafnhliða listsköpun.

Leikvangur

Íþróttakennarinn í leikskólanum notar mikið hugtök eins og undir yfir, inn í og ofan í o.s frv. Dæmi: hann útskýrir t.d. þrautabrautina með orðum - klifra í rimlunum, yfir húllahring - skríða undir göng og hoppa inn í. Þau yngri hoppa eftir litum í húllahringi og á doppelur. Segja litaheitin um leið og þau hoppa á doppelurnar og inn í húllahringina. Rætt er í lok tímans hvað var verið að gera í tímanum. Einnig er rætt um æfingarnar almennt og börnin eru hvött til að tjá sig um þær.

Gerpla og sundferðir

Heilsuleikskólinn Fífusalir er mjög heppinn með nærumhverfi sitt.

Einu sinni í viku fara elstu börnin í fimleika. Þar er unnið með mikla hugtakanotkun eins og hratt, hægt, undir, yfir og fleira.

Tveir elstu árgangarnir fara í sund nokkrum sinnum yfir veturinn í minni hópum. Í þeim ferðum er mikil áhersla lögð á markvissa málörvun meðvitað og ómeðvitað. Þegar börnin eru t.d. að klæða sig í og úr. Þau fá fyrirmælin um að muna eftir handklæðinu áður en við lokum skápnum o.s.frv. Þau eru hvött til að endurtaka fyrirmæli sem reynir á skammtímaminnið. Þetta eru einnig gæðastundir þar sem gefst tækifæri til að spjalla við börnin um allt milli himins og jarðar einstaklingslega. Þau skrúfa sjálf frá og fyrir sturtuna, byrja á að þurrka hárið svo bakið og síðan er farið yfir alla líkamshluta og svona mætti lengi telja.

Faglegt starf inn á deildum

Vettvangsferðir

Lögð er áhersla á að börnin kynnist nærumhverfi sínu og fræðist um hverfið sitt og náttúru. Farið er í vettvangsferðir og þær nýttar í læsi í víðara samhengi, skoðuð eru ólík form umferðarskilta, skilti með götuheitum og númer á húsum og margt fleira. Bókasafnsferðir og lesstundir eru einu sinni í viku sem er vel nýttar af öllum deildum leikskólans. Einnig er farið reglulega í heimsóknir á Náttúrufræðisafnið þar sem er verið að skoða hin ýmsu dýr og börnin læra heiti þeirra.

Samverustundir/ Hópastarf



Lögð er áhersla á að skipta börnunum í minni hópa í samverustundum og velja bækur og annað efni miðað við þroska þeirra. Það eru lesnar sögur og börnin spurð út í hvað gerðist í sögunni, spurt út í einstök orð hvað þau þýða og þau útskýrð. Farið er með þulur, rímað, klöppuð atkvæði og finnst börnunum skemmtilegt að klappa atkvæði í sínu eigin nafni. Unnið er með Lubbi finnur málbein á öllum deildum. Á haustin er lestrarátaksvika og skrá forráðamenn nöfn bóka sem þeir lesa með börnunum á Lubba bein. Börnin koma með beinin í leikskólann og búa til Lubba fjall úr beinunum.

Haldið er upp á afmæli Lubba á degi Íslenskri tungu. Lubbi fær kórónu og afmælissöngurinn er sunginn fyrir hann.

Bínu bækurnar eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur eru mikið notaðar í samverustundum til að styrkja viðeigandi boðskipti. Unnið er með vináttuverkefnið og bangsann Blæ á öllum deildum leikskólans. Unnið er markvisst með tilfinningalæsi, samkennd, hjálpsemi, virðingu, þolinmæði, hugrekki og fleira. Í samverustundum er fjallað um þemu sem tengjast starfi leikskólans t.d þorrinn. Þá er fjallað um lífið í „gamla daga“ og tekin fyrir ýmis gömul og erfið orð sem þarf að útskýra og ræða. Í Fífusölum er mikið sungið og lögð áhersla á að ræða og útskýra einstök orð í textum. Á þeim deildum sem eru börn sem þurfa að nota Tákn með tali eru samverustundir notaðar til að leggja inn tákn vikunnar. Samverustundir æfa hlustun, einbeitingu og tjáningu.



Samstarf milli leik og grunnskóla

Samstarf Fífusala við Salaskóla er einstaklega gott, gagnkvæmar heimsóknir eru á milli leik- og grunnskóla frá janúar þar til í maí en þá fara forráðamenn með börnin í tveggja daga vorskóla. Deildarstjórar elstu barnanna og sérkennslustjóri funda með aðstoðarskólustjóra Salaskóla og

forstöðumanni frístundar í maí byrjun og fara yfir stöðu barnanna sem eru að útskrifast úr leikskólanum. Sérkennslustjóri fundar sérstaklega vegna barna sem falla undir 1. og 2. flokk. og þurfa þess vegna áframhaldandi stuðning.

Fífusalir nýta eina skólastofu og dægradvöl Salaskóla frá byrjun júní fram að sumarlokun fyrir elstu börn leikskólans. Með þessu gefst tækifæri til þess að gera aðlögun á milli leik- og grunnskóla enn betri. Börnin fá tækifæri á að kynnst umhverfinu innan sem utan skólans og læra að þekkja mörk skólalóðarinnar. Eftir sumarfrí tekur Salaskóli við börnunum en einn til tveir starfsmenn leikskólans eru til taks í upphafi grunnskólagöngu (fyrstu vikuna).

Lokaorð

Þá er þessu þróunarverkefni lokið en verkefnið sem slíkt klárast aldrei. Handbókin verður lifandi skjal sem verður yfirfarin að minnsta kosti árlega. Fjallað verður um handbókina í móttökuáætlun skólans og hún gerð aðgengileg fyrir allt starfsfólk Fífusala.

Handbókina skrifuðu Erla Stefanía Magnúsdóttir leikskólastjóri, Inga Jóna Bragadóttir sérkennslustjóri, Jónína Valdimarsdóttir sérkennari og Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir sérkennslustjóri ásamt öðru starfsfólki Fífusala.

Við þökkum stuðning frá Maríönnu Einarsdóttur leikskólaráðgjafa, Margréti Samúelsdóttir talmeinafræðingi og síðan en ekki síst Ásthildi Bj. Snorradóttur innilega fyrir að vera hugmyndasmiður þróunarverkefnisins, sem vann með styrkleika og veikleika í málörvun. Fylgdist með málörvunarstundum og handleiddi verkefnastjóra í gegnum þetta verkefni.

Kópavogur 6.11 2020

Erla Stefanía Magnúsdóttir, leikskólastjóri

Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2003). „Þróun Hljóm-2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti“. *Uppeldi og menntun*, 12, 9-29.
- Ásthildur Bj. Snorraddóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. (2000). „*Lestarbókin okkar- greinarsafn um lestur og læsi. Mál-lestur*“, bls. 39-49. Reykjavík: Íslenska lestrarfélagið.
- Ásthildur Bj. Snorraddóttir. (2002). Lestur og framburðarfrávik. *Talfræðingurinn*, 1, 30-31.
- Ásthildur Bj. Snorraddóttir og Bjartey Sigurðardóttir. (2005). *Tölum saman. Málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn*. Reykjavík: Ásthildur Bj. Snorraddóttir og Bjartey Sigurðardóttir.
- Berit Bae. 1996. *Voknes definitionsmagt og borns selvoplevse*.
- Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Háskólaprentun.
- Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). Tákn með tali. Kópavogur. Menntamálastofnun.
- Burns, M. S., P. Griffin og C. E. Snow. (1999). *Starting Out Right. A guide to Promoting Children's Reading Success*. Washington, Dc, National Academy Press.
- Chard, D.J. & Dickson, S.V. (1999). Phonological Awareness; Instructional Assessment guidelines. *Intervention in School and Clinic*, 34 (5), 261-270.
- Dr. Tryggvi Sigurðsson. (2003, september). Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir. Sótt af <https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>.
- Elín Þöll Þórðardóttir, Rothenberg, A., Rivard, M.-E., & Naves, R. (2004). Exical and syntactic development in children with different levels of lingual exposure. Kynnt á árlegri ráðstefnu. Symposium on Research in Child Language Disoreder (SrCID9, Madison, W1, júní.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennig á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háksólaútgáfan
- Ester Sighvatsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir (2004). Málþroskaraskanir í málfræðilegu samhengi - skilgreiningar og viðmið. *Talfræðingurinn*, 18 (1), 16-18.
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. (2018). Atferlisíhlutun (Hagnýt atferlisgreining). Sótt af <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/atferlisthjalfun>.
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. (e.d.) Skipulögð kennsla (TEACCH). Sótt af <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. 2028. *Markviss málörvun*.

Helga Sigurmundsdóttir. (2002). „Áhrif þjálfunar hljóðkerfisvitundar á börn með lestrarerfiðleika“. *Glæður* 1, 21-30.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2013). Málþroski leikskóla. Í Árdís Hrönn Jónsdóttir. Orðaspjall. *Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*, (bs. 16-24). Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.

Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn. (e.d.a). Íslenski þroskalistinn. Sótt af <http://throski.is/islenski-throskalistinn/>.

Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn. (e.d.b). Smábarnalistinn. Sótt af <http://throski.is/smabarnalistinn/>.

Kolbrún Vigfúsdóttir. (2005). Staða > Framfarir > Framhald. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/matslisti_0.pdf.

Muter, V. (2003). Early reading development and dyslexia. London: Whurr Publishers.

Scarborough, H.S. og Brady, S.A. (2002). Toward a common terminology for talking about speech and reading: A glossary of the „Phon“ words and some related terms. *Journal of Literacy Research*, 34(3), 299-336.

Sigríður Sigurjónsdóttir.(2004). Sértæk málþroskaröskun. *Talfræðingurinn* 18(1), 8-11.

Sigrún Grendal Magnúsdóttir. (2010b). PCS myndir. Sótt af <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/ohefdbundnar-tjaskiptaleidir/pcs-myndir>.

Silva, M. og Cain, K. (2015). The Relations Between Lower and Higher Level Comprehensions Skills and Their Role in Prediction of Early Reading Comprehension. *Journal of Educational Psychology*, 107(2), 321-331.

Snow, C.E., Burns, M.S. og Griffin, P. (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington, DC: National Academy press.

Talþjálfun Reykjavíkur. (e.d.). Orðaskil. Sótt af <http://www.thalthjalfunreykjavikur.com/433194312>.

Torgesen, J. K. (1996). Phonological awareness: A critical factor in dyslexia. Baltimore. Orton Dyslexia Society.

Þóra Másdóttir og Friðrik Rúnar Guðmundsson. (2015). Dæmigerð máltaka barna. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24366/Daemigerd%20maltaka%20barna.pdf>

Einstaklingsnámskrá

Dag		Gildistími	Frá		Til	
-----	--	------------	-----	--	-----	--

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Deild
Foreldrar	Kennitala	Heimilisfang	gsm

Hlutverk/tengsl	Meðlimir kjarnateymis og netfang
Forráðamaður	
Forráðamaður	
Sérkennsluráðgjafi	
Sérkennslustjóri	
Deildarstjóri	
Stuðningsfulltrúi	

Hvaða upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar

Áherslupættir næstu mánaða/langtímamarkmið

Staða barnsins í dag – styrkleikar/veikleikar

Skammtímamarkmið – mælingar og endurmat

Boðskipti/málproski

Vitsmunaproski

Félagsfærni og leikur

Fínhreyfingar

Sjálfs hjálp

Sérkennslustjóri

Forráðamaður